



Ágætu viðskiptavinir.

Nú er sumarið komið og við lítum björtum augum á framtíðina.

Við ákváðum að setja saman smá fréttabréf til upplýsinga um það sem hefur verið ofarlega á dagskrá okkar undanfarið. Ætlun okkar er að gefa út fréttabréf sem þetta nokkrum sinnum á ári.

Bestu kveðjur frá Samhentum.

Nýr samningur við Vífilfell.

Vífilfell og Samhentir hafa endurnýjað samning um umbúðakaup fyrir Vífilfell næstu tvö ár. Samhentir hafa verið einn aðalbirgi Vífilfells í umbúðum til margra ára. Samvinna fyrirtækjanna hefur gengið vel enda leggja Samhentir sig fram við að sýna afburða þjónustu og samkeppnishæf verð. Sveigjanleiki Samhentra gerir að verkum að við erum með bestu verð á markaðnum enda höfum við marga birgja sem við getum leitað til og valið þann sem þykir hæfastur í hvert verk. Við viljum nota tækifærið til að þakka starfsmönnum Vífilfells fyrir frábært samstarf á undanförunum árum og hlökkum til að halda áfram sömu þjónustu næstu árin.



Nýjar marineringar og kryddblöndur

Marineringarnar:

- Primofresh Garlic and herb
- Primofresh Paprika
- Primofresh Schwenkenbraten
- Primofresh Mushroom
- Primofresh Spare ribsBragð
- Primofresh Bangkok



Grill kryddblöndur:

- * Grillfix Butter and Herb
- * Grillkrydd fyrir lamb
- * Lambakrydd með hvítlauk
- * Fiskikrydd
- * Nautakryddsblanda
- * Og margar fleiri....

Áframhaldandi vinsældir ROBOPAC brettavafningsvéla.

Undanfarna mánuði höfum við afgreitt nokkrar bretta-
vafningsvélar frá Robopac á Ítalíu.

Nú eru meira en 70 vélar frá ROBOPAC í notkun hér á landi og hafa þær reynst mjög vel.

Til þess að mæta minnkandi kaupmætti fyrirtækja í kjölfar fjármálakreppunar endurhannaði Robopac nokkar vélar. Með því að draga úr tæknibúnaði en án þess að minnka styrk og endinu náðu þeir að lækka framleiðslukostnað og viðhalda þannig lágu verði vélanna. Innan skamms verður afgreidd fyrsta vélin af gerðinni Rotowrap en hún er fest á vegg og snýst um brettin. Þar er því enginn snúningspallur.



Þegar Huginn VE kemur að landi duga ekki minna en tvær brettavafningsvélar við löndun.

Gandí VE-171

Nýlega var sett upp þökkunarvélasamstæða um borð í Gandí VE-171. Um er að ræða línu frá AFAK Techniek bv í Hollandi. Frystar blokkir eru plastaðar og síðan pakkað í kassa. Upplýsingar eru prentaðar á kassana og þeir bundnir áður en þeir fara ofan í lest. Prentbúnaðurinn er frá Markem-Imaje.

Við óskum Vinnslustöðinni til hamingju með breytingarnar á Gandí og óskum þeim velfarnaðar.



AFAK Techniek bv.

Vélar frá AFAK Techniek bv eru nú þegar í nokkrum vinnsluskipum. Innan skamms verða síðan settar upp þökkunarsamstæður frá þeim hjá Ísfélagi Vestmannaeyja bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

Við báðar þessar nýju samstæður verða settir upp prentarar frá Markem-Imaje. Ísfélagið hefur haft prentara frá þeim í nokkurn tíma og líkað vel. Markem-Imaje prentarar einnig í notkun hjá fimm öðrum fyrirtækjum hér á landi.

Vorgleði starfsmanna.

Fyrir nokkru gerðu starfsmenn sér glaðan dag. Farið var til Grindavíkur í reiðhjóla- og fjórhjólaferð. Síðan var Bláa Lónið heimsótt og að því loknu snæddur kvöldverður á veitingahúsina Lava. Virkilega vel skipulögð ferð hjá starfsmannafélaginu og allir himinlifandi glaðir er heim var komið.



SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ
Furuvellir 3, 600 Akureyri
Sími: 575 8000
Fax: 575 8001

Ný helmasíða:
www.samhentir.is